

6. Öryggisbúnaður.

6.1 Daglegur öryggisbúnaður fangavarða er öryggishnappur, talstöð, handjárn og einnota hanskar. Fangelsismálastofnun ákveður gerð öryggishnappa og talstöðva og hvernig bera skuli tækin. Hanska ber að hafa í vasa án sérstaks veskis. Handjárn skulu vera í sérstökum handjárnvasa á buxum eða í jakkavasa þannig að þau séu ekki sýnileg.

6.2 Lykla skal festa í smeyga á buxnastreng eða á belt með keðju eða sérstökum lás. Lyklar mega ekki vera utanálíggjandi né sýnilegir.

6.3 Á varðstofu skal vera til taks nauðsynlegur búnaður í sérstökum beltum sem fljótlegt er að grípa til þegar þörf krefur. Handjárn skulu ávallt vera á slíkum beltum, hulstur fyrir talstöð, hulstur fyrir táragas og annan búnað sem fangelsismálastofnun ákveður. Kylfur skulu vera til taks á varðstofum.

6.4 Sérstakan viðlagabúnað, skotheld vesti, hjálma, skildi og aðrar slíkar verjur skal geyma á öruggum stað í fangelsum. Slíkur búnaður er ætlaður til nota þegar fást þarf við uppþot, uppreisn, gíslatöku eða meiriháttar mótþróa fanga. Einungis fangavörðum, sem hlotið hafa tilskilda þjálfun í meðferð búnaðarins er heimilt að nota hann. Það sama á við um notkun reykköfunartækja og annars viðlíka björgunarbúnaðar sem til staðar kann að vera.

6.5 Varðstjóri eða yfirmaður á vakt skal taka ákvörðun um notkun öryggisbelta og kylfa. Sama gildir um notkun viðlaga- og björgunarbúnaðar. Um notkun viðlagabúnaðar skulu þó gilda sérstakar reglur.

7. Önnur ákvæði.

7.1 Fangelsismálastofnun annast framkvæmd þessarar reglugerðar í umboði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Hún getur falið tiltekinni stofnun að annast afhendingu fatnaðarins og verður fatnaðurinn aðeins afhentur gegn tilvísun forstöðumanns.

7.2 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið sker úr ágreiningi er rísa kann vegna túlkunar á þessari reglugerð.

7.3 Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 36. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist, sbr. lög nr. 123/1997, og öðlast gildi 1. janúar 2000. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni nr. 670, 11. desember 1996.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. nóvember 1999.

Sólveig Pétursdóttir.

Hjalti Zóphóníasson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Snæfoksstaða, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar, svæði A, B, C og D, í landi Snæfoksstaða, Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 26. nóvember 1999.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.